

Fundur stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, mánudaginn 26. nóvember 2012, kl 15.00. Haldinn á skrifstofu FV og í fundarsíma við Reykhóla. Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Ómar Már Jónsson, Sveinn Ragnarsson (í síma) og Sigurður Pétursson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði hann fundargerð.

Formaður setti fundinn og kynnti að Friðbjörg Matthíasdóttir og varamaður hennar Birna Benediktsdóttir væru forfallaðar.

Gengið til dagskrár.

1. Sameining FV, Menningarráðs og Markaðsstofu og þjónustusamningur við Atvest

Framkvæmdastjóri kynnti efnisatriði í þjónustusamningi FV, efnisatriði byggja á fundi formanns, framkvæmdastjóra FV og atvest. Rætt um efni samningsins, stjórn telur að meta þurfi nánar hlutfall innri málefna og markmið og mælikvarða á framkvæmd markmiða. Stjórn felur framkvæmdastjóra að rita texta þjónustusamnings á grundvelli efnisatriða og umræðu á fundinum.

Framkvæmdastjóri kynnti fjárhagsáætlun 2013 og endurskoðuð fjárhagsáætlun 2012, samkvæmt samþykkt 57. Fjórðungspings Vestfirðinga. Rekstur er í jafnvægi með þrem starfsmönnum þegar sameining Menningarráðs hefur gengið í gegn.

Formaður kynnti að forstöðumaður Markaðsstofu hafi í samkomulagi við stjórn samið um starfslok nú í nóvember. Unnið er að frágangi á starfslokasamningi en forstöðumaður mun vinna að sérverkefnum fram til áramóta. Samstarfsverkefni Markaðsstofu við aðrar markaðsstofur, Ferðamálaráð og Íslandstofu hafa bundið verulegan hluta af fjármunum til markaðsmála á komandi ári. Framkvæmdastjóri kynnti að til skemmri tíma litið sé mögulegt að skipta verkefnum Markaðsstofu á samstarfsaðila en halda yfirstjórn hjá FV. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við samstarfsaðila.

Formaður vék af fundi 15.30 og tók Sigurður Pétursson við stjórn fundarins.

2. Sóknaráætlun landshluta. Stefnumótun og samráðsvettvangur.

Samkvæmt samþykkt 57. Fjórðungspings hafa verið haldnir þrjú fundir um stefnumörkun fyrir sóknaráætlun landshluta. Fundir voru á Patreksfirði 6. nóvember, á Hólmavík 7. nóvember og á Ísafirði þann 21. nóvember. Skipulag og framkvæmd fundanna var í samvinnu við atvest. Vegna anna við IPA verkefnaumsóknir hefur ekki verið unnið úr niðurstöðu fundanna en miðað er við að niðurstöður liggi fyrir í fyrstu viku desember.

Samráðsvettvangur hefur ekki verið skipaður en bréf þess efnis fer út í vikunni og boðað verði til fyrsta fundar fyrir miðjan desember. Tímamörk á vinnu sóknaráætlunar samkvæmt samþykkt 57. Fjórðungspings Vestfirðinga munu því riðlast, framkvæmdastjóri sagði það meðvitað vegna anna við önnur verkefni, enda hefur frestur um skil á tillögum að verkefnum til stýrinets sóknaráætlunar, verið lengdur til 25. janúar 2013.

3. IPA verkefnaumsóknir

Framkvæmdastjóri kynnti að vegna sameiningar FV, Markaðsstofu og Menningarráðs á áramótum yrði FV aðili að fimm verkefnaumsóknum. Í öllum tilvikum er óskað vinnuframlags er nemur 25 % hlutdeildar í afmörkuðum verkþáttum gegn 75%

mótframlagi. Umfang verkhluta væri frá tveimur upp í 7 mánuði, frá hausti 2013 til ársloka 2015.

Umsóknnum verður skilað þann 30. nóvember n.k. og verða þær fyrst metnar í forvali sem vænta má niðurstöðu í lok janúar n.k.. Þær umsóknir sem komast í gegnum forval verða metnar áfram og vænta má niðurstöðu í apríl n.k.. Taka verður tillit til þess að samþykkt verkefnaumsókna getur haft veruleg áhrif á starfsemi hins sameinaða vettvangs FV, Markasstofu, Menningaráðs og þjónustusamnings atvest. Ráða þarf fleiri starfsmenn til að sinna verkefnum en mótframlag á í öllum tilvikum að geta staðið undir fjárhagsskuldbindingum. Hið sama á við samstarfsaðila sem standa að umsóknunum.

Stjórn fagnar því að tekist hafi til þessa samstarfs um verkefni og þeim möguleikum sem þessi verkefni geta skapað

4. Umsagnir til Alþingis.

Framkvæmdastjóri lagði fram tvær umsagnir frá FV til Alþingis og tvær umsagnir voru unnar í samvinnu við Menningarfulltrúa / Menningarráð Vestfjarða;

- Mál 120, þingmannafrumvarp til laga um miðstöð innanlandsflugs á Reykjavíkurlflugvelli
- Mál 191, þingsályktun um heilsárssamgöngur í Árneshrepp
- Mál 196, þingsályktun um menningarstefnu. Umsögn unnin í samvinnu við Menningarráð Vestfjarða
- Mál 199, stjórnarfrumvarp til laga um sviðslistir. Umsögn unnin í samvinnu við Menningarráð Vestfjarða.

Stjórn beinir til framkvæmdastjóra að skila umsögn um mál 264 *niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar*, en ekki hefur verið óskað umsagnar FV um það mál. Umsögn vísi til ályktunar 57. Fjórðungspings Vestfirðinga.

Samþykkt að boða til næsta stjórnarfundar þann 11. desember n.k..

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.10.